

Nd.

694. Breytingartillögur

[123. mál]

við frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Kristínu S. Kvaran og Guðmundi Einarssyni.

- Við 1. gr. 2. mgr. orðist svo:
— að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum, þannig að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika landsmanna á öruggu húsnæði til eignar eða leigu.
- Við 3. gr.
 1. mgr. orðist svo:
Húsnæðisstofnun starfar sem ein heild en skiptist í tvær deildir:
 4. mgr. falli brott.
- Við 7. gr. 2. mgr. falli brott.
- Við 9. gr. 4. tölul. falli brott.
- Við 13. gr. 6. mgr. orðist svo:
Lánið skal að jafnaði veitt gegn 1. veðrétti og skal lánstíminn vera allt að 40 árum sé um að ræða íbúðir til einkaeignar. Sé um að ræða búseturéttaríbúðir skal lánstíminn vera allt að 60 árum og skal lánið veitt gegn 1. veðrétti.
- Við 41. gr. Greinin orðist svo:
Húsnæðismálastjórn skal yfirfara tillögur stjórnar verkamannabústaða. Hagkvæmni íbúða og sem lægst íbúðarverð skal tryggja með því að framkvæmdir við byggingar verkamannabústaða skuli ætíð boðnar út.
- Við 42. gr. Upphaf 1. mgr. hljóði svo: Að lokinni athugun tekur húsnæðismálastjórn ákvörðun um það hvort framkvæmdin o. s. frv.
- Við 42. gr. 2. mgr. orðist svo: Húsnæðisstofnun skal vera framkvæmdaaðilum til ráðuneytis um fjárhagsleg atriði framkvæmda.
- Við 49. gr. 4. másl. 1. mgr. orðist svo:
Áður en framkvæmdir hefjast við hvern áfanga í byggingu verkamannabústaða skal trúnaðarmaður, sem tilnefndur er af Húsnæðisstofnun, yfirfara teikningar og gera tillögur um skv. hvaða staðli lán verði veitt út á hverja íbúð.
- VI. kafli, Tækni- og þjónustudeild Húsnæðisstofnunar, falli brott.
- VII. kafli, Skyldusparnaður ungs fólks til íbúðabygginga, falli brott.